

*Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Dalasýslu um endurgreiðslu á barnsmeðlagi.*

88  
22. okt.

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 6. ág þ. á., hefir hingað borist erindi hreppsnefndar Saurbæjarhrepps, þar sem hún áfrýjar til stjórnarráðsins úrskurði yðar, uppkveðnum 26. maí þ. á., sem ákveður, að tjeð hreppsnefnd skuli greiða hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps barnsfúlgum — 40 krónur árlega — fyrir tímabilið frá 14. janúar 1911 til 14. janúar 1915, ásamt 5% ársvöxtum frá útborgunardegi hvers 40 kr. ársmeðlags, eða alls kr. 181,02.

Málavextir eru þessir: Með amtsúrskurði, dags. 23. maí 1902, var Sigurvin Baldvinsson, sveitlægur í ofanefndum Saurbæjarhreppi í Dalasýslu, skyldaður til að greiða 40 kr. árlega með óskilgetnu barni sínu, Líndal Albert að nafni. Nafn móðurinnar er ekki nefnt í málsskjölunum, en það skiftir ekki máli eftir því sem málið liggur fyrir. Einnig er pilturinn tíðast nefndur Albert Líndal í skjölum málsins, en það er skakt, samkvæmt kirkjubókarvottorði, sem fylgir málsskjölunum. Pilturinn er fæddur 14. jan. 1901, og greiddi nefndur framfærsluhreppur föðurins, eftir kröfu barnsmóðurinnar, hið úrskurðaða ársmeðlag, 40 kr., til 14. janúar 1911. Þar eftir hefir hreppsnefndin neitað að greiða meðlagið og byggir synjunina á tilboði, sem hreppsnefndin virðist hafa gjört 11. maí 1912, um að fá drenginn sendan. Með brjefi, dags. 6. janúar 1913, endurnýjar hreppsnefnd Saurbæjarhrepps þetta tilboð sitt og býðst til að taka drenginn án nokkurrar meðgjafar af hálfu móðurinnar eða framfærslusveitar hennar, og býðst jafnframt til að útvega móðurinni húskonu- eða vinnukonustöðu í hreppnum á sama heimili og barnið er. Móðirin hafði dvöl í Stafholtstungnahreppi og hafði barnið hjá sjer og sá fyrir því að öllu leyti af eigin rammleik utan nefndrar fúlgum, sem hreppsnefndin þar greiddi henni eftir kröfu hennar lögum samkvæmt, gegn endurgreiðslu frá framfærslusveit barnsföður. Stafholtstungnahreppur krafðist nú reglulega og stöðugt lögboðna leið endurgreiðslu meðlaganna, en endurgreiðsla fíekst ekki lengur en áður er sagt; þó gjörði hreppsnefnd Saurbæjarhrepps tilboð um það, að hrepparnir miðluðu með sjer fúlgunni jafnframt og hún hjelt því fram, að hún væri að lögum laus við endurgreiðsluskyldu sökum nefnds tilboðs síns.

Sjálfur meðlagsúrskurðurinn fylgir ekki með málsskjölunum; hann er sagður glataður, að því er virðist í vörslum sýslumannsins í Dalasýslu einhvern tíma eftir 29. október 1912, og ber hreppsnefnd Saurbæjarhrepps það nú fyrir, að hún hafi aldrei sjeð úrskurðinn. Þetta verður þó ekki tekið til greina, því að í 9 ár hefir sama hreppsnefnd greitt tregðulaust upphæð þá, sem um ræðir í úrskurðinum, og um meðlagsupphæðina hefir aldrei verið neinn vafi og hreppsnefnd Saurbæjarhrepps aldrei byggt undanfærslu sína á endurgreiðslunni á því, að úrskurðurinn væri ekki fyrir hendi.

Þjer hafði í úrskurði yðar tekið að öllu leyti til greina kröfu Stafholts-tungnahrepps um endurgreiðslu meðlaganna allra ásamt 5% ársvöxtum frá útborgunardegi hverra 40 kr. Þessi niðurstaða yðar er öldungis rjett. Tilboð Saurbæjarhrepps getur nú ekki á nokkurn hátt komið til greina gagnvart meðlaginu

6. dag nóvembermánaðar 1917.

Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja.

**88** frá 14. jan. 1911 til 14. jan. 1912, sem hefir fallið í gjalddaga síðarnefndan dag,  
 22. okt. þaræð tilboðið er orðið til eftir þann tíma. Annars framfærðist barnið ekki á vegum Stafholtstungnahrepps, sem aðeins samkvæmt skyldu sinni greiddi meðlagsfúlguna samkvæmt 9. gr. fátækralaganna. Rjettur framfærslusveitar barnsföður gagnvart óskilgetnu barni nær ekki lengra en barnsföðurins sjálfs, en hann hefir ekki rjett til að ráða verustað þess nema í þeim tilfellum, sem um getur í 11. gr. fátækralaganna, en samkvæmt 15. gr., 2. málsgr. sömu laga, hefir barnsmóðirin rjett til að hafa barn sitt hjá sjer og ráða verustað þess, og þessum rjetti gat Saurbæjarhreppur ekki svift hjer umrædda barnsmóður, sem einnig hafði rjett, án tillits til hreppsnefndar Saurbæjarhrepps, að ráða sínum eigin verustað.

Úrskurð yðar ber því að staðfesta, en þó þannig, að hreppsnefnd Saurbæjarhrepps greiði hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps 5% ársvexti af meðlagsupphæðunum alt til borgunardags þeirra til yðar. Og meðlagsfúlguna alla ásamt þannig reiknuðum vöxtum annist þjer um, að hreppsnefndin greiði án tafar.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til birtingar fyrir hreppsnefnd Saurbæjarhrepps.

**89** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Bryndísar Ólafíu  
 21. ágúst. Jónsdóttur«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 21. ágúst 1917.

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir „Minningarsjóð Bryndísar Ólafíu Jónsdóttur“.

Guðmundur Ólafs og kona hans Ragnhildur Brynjólfsdóttir Olafs, til heimilis í Nýjabæ, Seltjarnarnesi, Kjósarsýslu, gefum kr. 2000.00,— tvö þúsund krónur — til minningar um Bryndísi Ólafíu Jónsdóttur, sem var fædd 15. júní 1891 að Mels húsum í Seltjarnarneshreppi, dáiñ 17. desember 1897, barn skipstjóra Jóns Jónssonar og konu hans Guðrúnar Brynjólfsdóttur frá Meðalfellskoti í Kjós. Sjóðurinn skal bera nafn hennar.

Sjóðnum skal þannig varið:

Stofnfje sjóðsins, kr. 2000.00 er lagt inn í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands með þeim skilmálum, að  $\frac{1}{5}$  — einn fimti hluti — vaxtanna leggist ávalt við höfuðstólinn, en  $\frac{4}{5}$  — fjórir fimtu hlutar — falli árlega til útborgunar. Skal þeim árlega varið til að styrkja fátækar, síðprúðar stúlkur, sem hafa hæfileika og